

Fundur skipulags- og samgönguráðs 3. nóvember 2021:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kvöð um tímaramma þegar byggingaleyfi er veitt – US210314

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að veiti skipulagsyfirvöld byggingarleyfi fylgi því leyfi tímamörk sem viðkomandi hefur til að fullklára bygginguna. Útgefið leyfi þarf að leiða til þess að bygging rísi á viðkomandi lóð innan ákveðins tíma.

Um tímann má semja enda ýmislegt sem kemur til. Fram til þessa eru sum útgefin leyfi aðeins pappír um eitthvað sem kannski verður gert. Í einhverjum tilfellum eru engar sérstakar ástæður fyrir töfum nema kannski að það standi illa á hjá lóðarhafa, hann vilji jafnvel bíða og sjá hvert íbúðaverð er að þróast. Meirihlutinn segir nú vera metár í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en það sárvantar enn húsnæði sem hefur leitt til þess að fasteignamarkaðurinn er ekki í jafnvægi. Skortur á lóðaframboði kemur í veg fyrir hagkvæma húsnæðisuppbyggingu og hagkvæmt húsnæði verður ekki byggt á þéttingarreitum.

Fulltrúi Flokks fólksins hefur nokkrum sinnum lagt fram fyrirspurnir um byggingarferli og tillögur um að einfalda ferlið en kvartað er yfir töfum og að flækjustig séu óþarflega mörg. Byggingarferli á nýjum íbúðum er tímafrekt við bestu aðstæður og enn tímafreakari þegar byggt er á þéttingarreitum. Verði Flokkur fólksins í næsta meirihluta borgarstjórnar mun hann vilja tryggja stöðugt framboð á lóðum og auka lóðaframboð á reitum sem ekki eru þegar byggðir.

Greinargerð

Meirihlutinn hefur ekki ljáð máls á mörgu öðru en að byggja á þéttingarreitum sem er flóknara vegna fleiri hindrana en þegar byggt er inni í miðri íbúðabyggð. Íbúðir á þéttingarreitum eru ekki eins hagkvæmar og í nýjum hverfum og henta því ekki þeim efnaminni. Skortur er á hagkvæmum íbúðum og fjölbreyttu íbúðarhúsnæði. Þetta skýrir m.a. fjölda vannýttra byggingarleyfa sem gefin hafa verið út af Reykjavíkurborg. Þetta er sérlega áberandi í Úlfarsárdal sem er 15 ára hverfi. Þessi staða er með öllu óþolandi. Það þarf land til að byggja á.

Nú eru háværar raddir um að brjóta þurfi nýtt land undir byggð. Hópur fólks hefur gefist upp á að reyna að búa í borginni, slíkur er húsnæðisskorturinn.